

Ed.

141. Nefndarálit

[12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta, ef að lögum verður, kveður svo á um, að greiða skuli fulla verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna að viðbættum 10 stigum, og er þá um leið numin burt sú skerðing, sem gilt hefur, að greiða skuli aðeins 23% verðlagsuppbót á þann hluta launa, sem er fram yfir kr. 34 560.00 á ári. Get ég ekki fallið á, að sú stefna, sem hér er mörkuð, sé rétt, og færi fyrir því eftirfarandi rök:

1) Full verðlagsuppbót á launagreiðslur almennt hlýtur að leiða til sivaxandi dýrtíðar í landinu, enda hefur reynslan nú í hálfan annan tug ára sannað þetta svo, að eigi verður á móti mælt. Að afnema skerðinguna, eins og hér er lagt til að að gert verði, er að minnstaðli spur í öfuga átt, og réttara væri að færa tekjumarknið niður á við smátt og smátt, þar til það væri að fullu afnumið, svo að skert verðlagsuppbót yrði eftir það greidd á öll laun. Allt annað er spur í áttina til að rýra verðgildi krónunnar og kemur því launþegum að engu varanlegu gagni.

2) Með breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt er hlutur þeirra, sem hafa hærrí árstekjur en 35 þús. kr., verulega bættur frá því, sem áður var, og þó einkum þegar um hjón er að ræða. Sá efnislegi mismunur, sem markaður er sem grunnlaun í launalögum, nýtur sín því betur nú en áður, þótt skerðingin á uppbótum verði eigi afnumin.

3. Þorri þeirra opinberra starfsmanna, sem nú lúta skerðingarákvaðunum, hefur margvíslega möguleika til mikilla ankatekna samhliða aðalstörfum, gagnstætt því, sem á sér stað almennt um menn í lægri launaflokkunum. M. a. af þeim ástæðum er minni ástæða til að afnema skerðinguna.

Auk þess, sem hér er tekið fram, vil ég leyfa mér að benda á, að fyrir Alþingi liggur nú frv. til launalaga. Verði það samþykkt á þessu þingi, er frv. það, sem hér um ræðir, óþarft, enda yrði það þá, ef að lögum er orðið, fellt aftur úr gildi á þessu sama þingi, ef launafrv. yrði samþykkt. Verði það hins vegar fellt, þarf málið allt frekari undirbúning, og tel ég, að afgreiðsla þessa þáttar geti heðið, þar til þeim undirbúningi væri lokið, sbr. rökstuðning minn hér að framan. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lagt hefur verið fram af ríkisstjórninni frv. til nýrra launalaga á þessu þingi, sem fjárhagsnefndir beggja deilda eru sameiginlega að athuga, og með því að afnám skerðingar á verðlagsuppbót á launagreiðslur torveldar að hamla á móti vaxandi dýrtíð í landinu, þykir ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Reykjavík, 28. nóv. 1955.

Gísli Jónsson.